



Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita

## ÞJÓNUSTUGÁTT VEGNA RAFRÆNNA BYGGINGARLEYFA TEKIN Í NOTKUN

Í tilefni af opnun þjónustugáttar á heimasíðu embættis Umhverfis-og tæknisviðs Uppsveita bs. [www.utu.is](http://www.utu.is) verður haldinn kynningarfundur í Félagsheimilinu Borg í Grímsnesi miðvikudaginn **16. október kl. 17:00**.

Með tilkomu þjónustugáttar geta umsækjendur nú sótt um byggingarleyfi rafrænt með því að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum/Íslykli. Einungis verður tekið við rafrænum umsóknum frá og með **1. nóvember 2019**.

Embættið þjónustar Ásahrepp, Flóahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp, Bláskógabyggð, Skeiða-og Gnúpverjahrepp og Hrunamannahrepp.

Allir sem áforma aðkomu að byggingarframkvæmdum eru hvattir til að mæta. Allir velkomnir.

*Byggingarfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.,  
Davíð Sigurðsson*